

Ársskýrsla Myndlistarráðs



Efnisyfirlit

1.	Staða og hlutverk myndlistarráðs	6
	Myndlistarráð	7
	Myndlistarsjóður	7
	Rekstur skrifstofu	7
2.	Starf myndlistarráðs á árinu 2015	8
	Vefsíða myndlistarsjóðs	8
	Stefnumótun	8
	Úthlutun úr myndlistarsjóði 2015.....	9
3.	2013	10
4.	2014	10
5.	Árið framundan	11
6.	Viðaukar	12

Ársskýrsla Myndlistarráðs 2015 →

Myndlistarráð hefur á skipunartíma sínum unnið að greiningu á starfsumhverfi myndlistar á Íslandi. Fundað var með fólki innan fagsins og haldið málþing um starfsumhverfi myndlistar í samvinnu við ráðuneyti mennta- og menningarmála. Áhersla var lögð á að skilgreina umfang fagsins og varpa ljósi á mikilvægi myndlistar fyrir samfélagið. Samantekt þessarar vinnu er í skýrslunni *Miðstöð íslenskrar myndlistar –Tækifæri og áskoranir* sem ráðið hefur afhent mennta- og menningarmálaráðherra ásamt tillögum um hvernig bæta megi umhverfi myndlistar á Íslandi bæði með hag almennings og fagsins að leiðarljósi.

Í framhaldi vann myndlistarráðið *Drög að myndlistarstefnu íslenskra stjórnvalda*. Ráðið telur mikilvægt að stjórnvöld móti stefnu um málefni myndlistar til frekari umræðu innan fagsins. Drögin eru innlegg í slíka stefnumótun og vonar ráðið að þau séu grundvöllur sameiginlegrar sýnar á leiðir og áherslur til að gera veg myndlistar sem mestan. Myndlistarráð hefur lagt fyrir ráðherra tillögu um stofnun vinnuhóps á vegum ráðuneytisins sem vinni að mótun myndlistarstefnu sem ráðuneytið og hagsmunaaðilar gætu sammælst um.


Engum dylst að fjármagn skiptir miklu máli þegar rætt er um framgang skapandi lista og ýmissa annarra atvinnuvega. Þar sem tölulegar upplýsingar um fjárframlög ríkisins til myndlistar eru ekki aðgengilegar á einum stað hefur myndlistarráð ráðist í að taka þessar upplýsingar saman og láta greina framlög til myndlistar og um leið gera marktækan samanburð á milli listgreina.

Myndlistarsjóður var stofnaður ásamt hönnunarsjóði árið 2013. Framlög ríkisins í þessa tvo nýstofnuðu sjóði voru þá 45 milljónir í hvorn sjóð. Myndlistarsjóður blés mönnum í brjóst bjartsýni og von um að starfsumhverfi myndlistar tæki stórstíggum framförum á komandi árum. Raunin varð hins vegar sú að í fjárlögum 2014 og 2015 voru báðir þessir sjóðir skornir niður í 25 milljónir. Á fjárlögum fyrir árið 2016 fær myndlistarsjóður úthlutað 35 milljónum en hönnunarsjóður 50 milljónir. Myndlistarráð hefur lagt þunga áherslu á að fjárlaganefnd, ríkisstjórn og þing leiðrétti niðurskurðinn líkt og gert hefur verið í tilfalli hönnunarsjóðs. Myndlistarráð telur að miðað við fjölda og gæði umsókna í sjóðinn auk þeirra verkefna sem ráðinu er ætlað að sinna samkvæmt myndlistarlögum þurfi að hækka framlög í myndlistarsjóð umtalsvert.

Myndlistarráð telur fyrrgreind verkefni undirstöðu þess að ná árangri við að bæta starfsumhverfi myndlistarfagsins í heild og því afar mikilvægt að fylgja þeim eftir. Skipunartíma sitjandi ráðs lýkur 31. janúar 2016 og verður nýtt ráð skipað í kjölfarið. Myndlistarráð þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem það hefur verið í samstarfi við fyrir samvinnuna.



Fyrir hönd myndlistarráðs
Kristján Steingrímur Jónsson
formaður



Úthlutun 2015
 Carolee Schneemann
 Sequences VII
 Kling og Bang
 2015

Úthlutun 2013
 Elin Hansdóttir
 Teaser
 2013



Úthlutun 2013
 Hekla Dögg Jónsdóttir
 installation view of
 Divider 2013 and Regnbáge
 2013

Úthlutun 2013
 Líbia Castro and
 Ólafur Ólafsson
 Bosbolobosboco #4
 audio sculpture
 1.1×2.4×2 m.
 2004



1. Staða og hlutverk myndlistarráðs

Myndlistarlög voru samþykkt á Alþingi 25. júní 2012. Skv. 7. gr. myndlistarlaga nr. 64/2012 hefur myndlistarráð efirfarandi hlutverk:

Hlutverk myndlistarráðs er að vera ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni myndlistar. Hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum rækir ráðið meðal annars með því að ↗

- ◆ veita umsögn um þau mál sem ráðherra vísar til þess,
- ◆ gera tillögu til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi myndlistarsjóðs til þriggja ára í senn,
- ◆ úthluta árlega styrkjum úr myndlistarsjóði,
- ◆ stuðla að kynningu á íslenskum myndlistarmönnum og myndsköpun þeirra hér á landi og erlendis,
- ◆ efla alþjóðlegt samstarf íslenskra myndlistarmanna og stofnana,
- ◆ sinna öðrum verkefnum sem falla undir hlutverk þess eða ráðherra kann að fela því.
- ◆ Ráðherra er heimilt að fela myndlistarráði að reka sérstaka skrifstofu eða semja við til þess bæra aðila um framkvæmd verkefna sem unnin eru í þess þágu og til að annast almenna umsýslu vegna starfsemi ráðsins og myndlistarsjóðs.

Myndlistarráð

Myndlistarráð var skipað í byrjun árs 2013. Formaður ráðsins er skipaður án tilnefningar af mennta- og menningarmálaráðherra.

- ◆ Auður Ólafsdóttir, var upphaflega skipuð sem formaður en baðst undan setu strax eftir fyrsta fund ráðsins.
- ◆ Kristján Steingrímur Jónsson var skipaður formaður í hennar stað.

Aðrir aðilar ráðsins eru:

- ◆ Ólöf K. Sigurðardóttir – varaformaður, tilnefnd af Listfræðafélagi Íslands
- ◆ Ásmundur Ásmundsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna
- ◆ Ósk Vilhjálmsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna
- ◆ Halldór Björn Runólfsson, tilnefndur af Listasafni Íslands
- ◆ Varamenn í myndlistarráði eru:
- ◆ Ingibjörg Jóhannsdóttir, skipuð án tilnefningar af mennta- og menningarmálaráðherra
- ◆ Hlynur Helgason, tilnefndur af Listfræðafélagi Íslands
- ◆ Hrafnhildur Sigurðardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna
- ◆ Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna
- ◆ Dagný Heiðdal, tilnefnd af Listasafni Íslands

Myndlistarsjóður

Í 12. gr. myndlistarlaga nr. 64/2012 segir eftirfarandi um myndlistarsjóð: Alþingi veitir árlega fé í fjárlögum í myndlistarsjóð í því markmiði að efla íslenska myndlist með fjárhagslegum stuðningi og kosta önnur verkefni er falla undir hlutverk og starfsemi myndlistarráðs skv. 11. gr.

Myndlistarráð úthlutar styrkjum úr myndlistarsjóði. Ráðherra setur myndlistarsjóði reglur um auglýsingar, meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Við mat á umsóknum er myndlistarráði heimilt að leita umsagnar fagaðila. Kostnaður af starfsemi myndlistarráðs greiðist úr myndlistarsjóði. Ráðið ber ábyrgð á umsýslu og fjárreiðum myndlistarsjóðs.

Rekstur á skrifstofu

Myndlistarráð samdi við Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar um umsýslu með starfsemi ráðsins. Kynningarmiðstöðin annast rekstur ráðsins og myndlistarsjóðs, veitir upplýsingar og ráðgjöf, sinnir vefsíðu og samfélagsmiðlum. Árið 2015 var samið um 30% starfshlutfall en árin á undan var það 15%. Skrifstofa Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar er á 2. hæð í Gimli, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík.

2. Starf myndlistarráðs á árinu 2015

Myndlistarráð hélt alls 18 fundi á árinu 2015. Þar af voru haldnir þrjú vinnufundir undir handleiðslu Bjarna Snæbjarnar Jónssonar ráðgjafa þar sem unnið var að mótun tillögu að myndlistarstefnu íslenskra stjórnvalda (sjá nánar kaflann Stefnumótun). Vinnufundirnir fóru fram í fundarsal á 6. hæð í Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu en aðrir fundir ráðsins fóru fram á skrifstofu Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar í Gimli við Lækjargötu. Fundargerðir ráðsins eru aðgengilegar á vef myndlistarsjóðs, myndlistarsjodur.is.

Vefsíða myndlistarsjóðs

Á vefsíðu myndlistarsjóðs, myndlistarsjodur.is, er að finna myndlistarlög, fundargerðir og tilkynningar sem ráðið gefur frá sér. Einnig eru þar umsóknareyðublöð fyrir myndlistarsjóð, leiðbeiningar fyrir umsækjendur, úthlutunarreglur og upplýsingar um fyrri úthlutanir úr sjóðnum. Á samfélagsmiðla myndlistarsjóðs eru settar inn fréttir og tilkynningar um verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

Stefnumótun

Í lok árs 2014 ákvað myndlistarráð að vinna að tillögu að mótun myndlistarstefnu íslenskra stjórnvalda sem skyldi lögð fram til mennta- og menningarmálaráðherra. Ráðið telur mikilvægt að stjórnvöld móti stefnu um málefni myndlistar sem leggja meg fram til frekari umræðu innan myndlistarvettvangsins. Til-lagan og greinargerð sem henni fylgir eru hugsuð sem innlegg í slíka stefnumótun ráðu-neytisins, sem er grundvöllur þess að skapa meg sameiginlega sýn á leiðir og áherslur til þess að gera veg myndlistar sem mestan. Leitað var til Bjarna Snæbjarnar Jónssonar ráðgjafa um að stýra vinnufundum við mótun tillögunnar. Alls voru haldnir þrjú fundir með Bjarna Snæbirni og eftir það hélt ráðið áfram vinnu við tillöguna á almennum fundum sínum. „Tillaga að mótun myndlistarstefnu íslenskra stjórnvalda“ var lögð fyrir mennta- og menningarmálaráðherra 29. október 2015.

Úthlutun úr myndlistarsjóði 2015

Af fjárlögum ársins 2015 runnu 25 milljónir í myndlistarsjóð. Af þeirri upphæð skal, auk styrkja til myndlistarmanna, greiðast allur kostnaður sem fylgir rekstri myndlistar-ráðs og myndlistarsjóðs, s.s. laun ráðsmanna, matsnefnda, ráðgjafa og annarra sem vinna fyrir ráðið, kostnaður vegna málþinga, auglýsingakostnaður og annað sem til fellur. Auglýst var eftir umsóknum um styrk úr myndlistarsjóði 18. apríl 2015. Auglýsing var send út til fjölmiðla og sett á heimasíðu sjóðsins, heimasíðu KÍM og á samfélagsmiðla. Umsóknarfrestur var til 1. júní 2015. Við undirbúning úthlutunar endurskoðaði ráðið leiðbeiningar fyrir umsækjendur og verklagsreglur matsnefnda voru endurbættar.

Alls bárust sjóðnum 117 umsóknir að heildarupphæð 106,5 milljónir króna. Skipað var í tvær matsnefndir sem hvor kom saman á 2 fundum. Í hvorri sátu þrjú fulltrúar. Eftirtaldir sátu í nefndunum: Berglind Jóna Hlynsdóttir, Birgir Snæbjörn Birgisson, Dagný Heiðdal, JBK Ransú, Ólöf K. Sigurðardóttir og Sara Björnsdóttir. Úthlutað var úr sjóðnum 18,5 milljónum sem skiptust milli 42 verkefna en vísa þurfti mörgum frambærilegum verkefnum frá.

Veittir voru:

15 Stærri styrkir	8.550.000 kr.
12 Minni styrkir	2.350.000 kr.
5 Undirbúningsstyrkir	1.500.000 kr.
10 Útgáfu- og rannsóknarstyrkir	6.100.000 kr.

Formleg úthlutun úr myndlistarsjóði fór fram í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, fimmtudaginn 10. desember þar sem viðurkenningarskjöl voru afhent og hópurrinn ljósmyndaður.

Sjá yfirlit yfir úthlutanir 2015 í viðauka.

3. 2013

Myndlistarráð, sem hefur það hlutverk að úthluta úr myndlistarsjóði, kom saman í fyrsta sinn á árinu 2013 og fundaði alls 25 sinnum. Fyrsta verkefni ráðsins var að móta úthlutun og reglur sjóðsins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykkti lög um stofnun myndlistarsjóðs árið 2012 og veitti 45 milljónir í sjóðinn fyrir árið 2013. Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar var falið að sjá um umsýslu sjóðsins fyrir hönd ráðsins og koma á heimasíðu og umsóknarformi.

Tvær úthlutanir fóru fram árið 2013, sú fyrri í september og sú síðari í desember. Í fyrstu úthlutun bárust alls 83 umsóknir að upphæð 121.239.088 kr. Úthlutað var í tveimur flokkum:

8 Undirbúningsstyrkir	2.500.000 kr.
20 Verkefnastyrkir	17.500.000 kr.
Alls 28 styrkir	20.000.000 kr.

Fyrir aðra úthlutun í desember 2013 bárust alls 143 umsóknir að upphæð 172.356.740 kr. Úthlutað var í fimm flokkum:

3 Undirbúningsstyrkir	700.000 kr.
11 Minni verkefnastyrkir	3.300.000 kr.
17 Stórir verkefnastyrkir	10.800.000 kr.
6 Útgáfu og rannsóknarstyrkir	4.500.000 kr.
5 Aðrir styrkir	2.200.000 kr.
Alls 42 styrkir	21.500.000 kr.

4. 2014

Árið 2014 kom myndlistarráð saman á 24 fundum. Ásdís Spanó var ráðin tímabundið sem verkefnastjóri fyrir gerð skýrslu sem fjallaði um leiðir til að efla starfsumhverfi íslenskrar myndlistar. Í því fólst meðal annars að stofnuð yrði miðstöð íslenskrar myndlistar sem yrði sambærileg við miðstöðvar annarra listgreina sem settar hafa verið á laggirnar á undanförunum árum. Við gerð skýrslunnar var gögnum safnað saman og samanburður gerður á miðstöðvum myndlistar á Norðurlöndunum.

Á haustdögum 2014 efndi myndlistarráð til málþings í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, um starfsumhverfi íslenskrar myndlistar þar sem skýrslan var kynnt. Málþingið var haldið undir yfirskriftinni Myndlistarþing: Starfsumhverfi myndlistar, horft til framtíðar. Framsögumenn á málþinginu voru Ásta Magnúsdóttir ráðuneytisstjóri mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Kristján Steingrímur Jónsson formaður myndlistarráðs, Ásdís Spanó verkefnastjóri skýrslu um starfsumhverfi myndlistar, Elín Hansdóttir myndlistarmaður, Hlynur Hallsson myndlistarmaður og Björg Stefánsdóttir framkvæmdastjóri Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

5. Árið framundan

Af fjárlögum fyrir árið 2016 hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutað 35 milljónum í myndlistarsjóð. Úthlutað verður tvisvar úr sjóðnum á árinu.

Skipunartíma sitjandi myndlistarráðs lýkur 31. janúar 2016 og verður nýtt ráð skipað í kjölfarið.

Í kjölfar erinda voru umræður þar sem farið var ofan í kjölinn á þeim þáttum sem varða þjónustu við greinina og kynningu á myndlist bæði hérlendis og erlendis, hvað má bæta og hvað mætti betur fara. Í þessu samhengi voru skoðaðir kostir þess að endurskilgreina hlutverk Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar og útvíkka hlutverk hennar og miðlun innanlands.

Skýrsla um starfsumhverfi myndlistar var send til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í lok árs 2014.

Skorið var niður í myndlistarsjóð frá fyrra ári og var sjóðurinn 25 milljónir króna. Þriðja úthlutun úr myndlistarsjóði fór fram í ágúst 2014 og var einungis veitt einu sinni úr sjóðnum það ár. Alls bárust 112 umsóknir að upphæð 107.000.000 kr. Úthlutað var:

17 Minni styrkir	3.600.000 kr.
12 Stærri styrkir	8.900.000 kr.
4 Undirbúningsstyrkir	1.700.000 kr.
1 Aðrir styrkir	500.000 kr.
11 Útgáfu- og rannsóknarstyrkir	6.300.000 kr.
Alls 45 styrkir	21.000.000 kr.

6. Viðaukar

Úthlutun úr myndlistarsjóði 2015





Umsækjandi	Upphæð	Verkefni
Arna Óttarsdóttir	200,000	Einkasýning í i8, nóvember 2015
Arnar Ásgeirsson	200,000	Promesse du Bonheur
Ásta (Ástriður) Ólafsdóttir	500,000	Ásta Ólafsdóttir, myndlist
Claudia Hausfeld	100,000	Exhibition Switzerland
Crymogea	1,000,000	Birgir Andrésson - Verk
Culturescapes	1,000,000	CULTURESCAPES Iceland: Special Art Program
Cycle Music and Art Festival	900,000	Leyst úr læðingi
Djúpavogshreppur	400,000	Rúllandi Snjóbolti/ó, Djúpivogur
Einar Falur Ingólfsson	100,000	Culturescape 2015 / 2 sýningar
Eva Ísleifsdóttir	250,000	I am Here Believe
Eygló Harðardóttir	400,000	3 sýningar
Eygló Harðardóttir	500,000	Útgáfa bókverks
Gerðarsafn-Listasafn Kópavogs	400,000	skúlpúr-skúlpúr
Haraldur Jónsson	200,000	Hringstig
Heiðar Kári Rannversson	600,000	ÍSLENSK BÓKVERK
Helga Þórsdóttir	300,000	augnaRáð
Hrafnhildur Arnardóttir	250,000	All Very Agile Flames
Hulda Rós Guðnadóttir	400,000	Keep Frozen
Ingunn Fjóra Ingþórsdóttir	200,000	Umgerð - Sýning Hugsteypunnar í Listasafni Akureyrar
Karlotta Blöndal	300,000	Rannsókn, sýning og útgáfa um pappír
Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísardóttir	150,000	Samsýning í Sideshow Gallery, New York
Kling & Bang	400,000	The Confected Video Archive of Kling & Bang
Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá	700,000	Útgáfa á listaverkabók um Kristínu Jónsdóttur frá Munkaþverá
Listasafnið á Akureyri	300,000	A! Gjørningahátíð
Margrét H. Blöndal	500,000	Teikningabók
Nýlistasafnið	500,000	P.S. Ekki gleyma mér
Nýlistasafnið	500,000	Rolling Line
Ragnhildur Jóhann	550,000	Reykjavík Stories
Rakel McMahon	200,000	We are Family
Rúri (Þuríður Rúri Fannberg)	1,000,000	Gjørningar - Útgáfa bókar / skráning ljósmynda og heimilda
Sequences-myndlistarhátíð	1,800,000	Sequences VIII
Sigtryggur Berg Sigmarsson	50,000	óskýr sjón, lita raskanir, mjúkar og hraðar handahreyfingar
Sigurður Guðjónsson	250,000	Einkasýning í Berg Contemporary
Skaftfell - myndlistarmiðstöð Austurlands	500,000	The Assembly of The Hyperboreans
Skaftfell - myndlistarmiðstöð Austurlands	300,000	Sýning: Ingólfur Arnarsson & Þuríður Rós Sigurþórsdóttir
Staðir / Places	250,000	Staðir / Places
Steingrímur Eyfjörð	700,000	„Tegundagreining“ - Rit um verk Steingríms Eyfjörð
Styrmir Örn Guðmundsson	300,000	Einkasýning í JOEY RAMONE
Theresa Himmer	600,000	Speak Nearby, exhibition at Soloway, New York
Tumi Magnússon	200,000	Sýning í MACMO, Montevideo, Uruguay
Una Margrét Árnadóttir	150,000	Þrykk í SØ
Verksmiðjan Hjalteyri	400,000	Sumarryk, sýningar 2016

Uppgjör myndlistarráðs 2013 - 2015

2015	HEIMILD	GREITT
FJÁRLÖG FRÁ MMR	25,000,000	
F.f.ári	190,768	
Þóknun greidd 1.8.2015		1,562,563
KÍM, umsýsla sjóðsins 2015		3,028,296
Annar kostnaður, auglýsingar, stefnumótun ofl.		1,212,061
STYRKIR 2015		18,500,000
SAMTALS greitt og lofað 23. október 2015	25,190,768	23,842,702
Eftirstöðvar frá 2015		1,348,066
2014	HEIMILD	GREITT
FJÁRLÖG FRÁ MMR	25,000,000	
Styrkur frá MMR v. myndlistarþings	500,000	
Eftirstöðvar frá 2013	218,047	
Þóknun myndlistarráðs og matsnefnda		1,821,678
Umsýsla KÍM		1,748,749
Annar kostnaður, myndlistarþing, greinargerð ofl.		956,852
STYRKIR 2014		21,000,000
SAMTALS ALLS	25,718,047	25,527,279
Eftirstöðvar frá 2014		190,768
2013	HEIMILD	GREITT
FJÁRLÖG FRÁ MMR	45,000,000	
Þóknun myndlistarráðs og matsnefnda		1,499,928
Umsýsla KÍM		1,500,000
Annar kostnaður		282,025
STYRKIR SEPT 2013		20,000,000
STYRKIR DES 2013		21,500,000
SAMTALS ALLS	45,000,000	44,781,953
Eftirstöðvar frá 2013		218,047

Fjárveitingar í myndlistarsjóð 2013-2015

Upphæð í milljónum ISK



Úthlutun 2015
 Ragnheiður Gestsdóttir
 Two Possible Beginnings
 C-Print
 20x30½ in
 2015

Úthlutun 2014
 Steingrímur Eyfjörð
 Frábært tilboð
 Harbinger
 2014



Umsóknir í myndlistarsjóð 2013–2015

1. úthlutun - 2013

Alls bárust 83 umsóknir
að upphæð 121.239.088 kr.
Úthlutað 20.000.000 kr.

8 Undirbúningsstyrkir 2.500.000 kr.
20 Verkefnastyrkir 17.500.000 kr.

2. úthlutun - 2013

Alls bárust 143 umsóknir
að upphæð 172.356.740 kr.
Úthlutað 21.500.000 kr.

3 Undirbúningsstyrkir 700.000 kr.
11 Minni verkefnastyrkir 3.300.000 kr.
17 Stórir verkefnastyrkir 10.800.000 kr.
6 Útgáfu- og rannsóknarstyrkir 4.500.000 kr.
5 Aðrir styrkir 2.200.000 kr.

3. úthlutun - 2014

Alls bárust 112 umsóknir að upphæð
107.000.000 kr.
Úthlutað 21.000.000 kr.

17 Minni styrkir 3.600.00 kr.
12 Stærri styrkir 8.900.000 kr.
4 Undirbúningsstyrkir 1.700.000 kr.
1 Aðrir styrkir 500.000 kr.
11 Útgáfu- og rannsóknarstyrkir 6.300.000 kr.


4. úthlutun - 2015

Alls bárust 117 umsóknir
að upphæð 106.578.342 kr.
Úthlutað 18.500.000 kr.

15 Stærri styrkir 8.550.000 kr.
12 Minni styrkir 2.350.000 kr.
5 Undirbúningsstyrkir 1.500.000 kr.
10 Útgáfu- og rannsóknarstyrkir 6.100.000 kr.


Umsóknir 2013 – fyrri úthlutun

75% hafnað
25% úthlutað




Umsóknir 2013 – seinni úthlutun

77% hafnað
23% úthlutað




Umsóknir 2014

71% hafnað
29% úthlutað




Umsóknir 2015

74% hafnað
26% úthlutað




Upphæðir 2013 – fyrri úthlutun

86% hafnað
14% úthlutað




Upphæðir 2013 – seinni úthlutun

89% hafnað
11% úthlutað




Upphæðir 2014

84% hafnað
16% úthlutað



Upphæðir 2015


85% hafnað
15% úthlutað




Greining á úthlutun og samanburður á milli ára

KYNJAHLUTFALL_STYRKÞEGA


Umsóknir 2013 fyrri úthlutun




Umsóknir 2013 seinni úthlutun



Umsóknir 2014



Umsóknir 2015



UMSÆKJENDUR


Umsóknir 2013 fyrri úthlutun

Einkarekið 4%
Félag 7%
Hátíð 7%
Stofnun 14%
Einstaklingur 68%




Umsóknir 2013 seinni úthlutun

Tímarit 2%
Einkarekið 3%
Félag 7%
Stofnun 7%
Einstaklingur 81%




Umsóknir 2014

Félag 7%
Hátíð 7%
Stofnun 15%
Einstaklingur 71%




Umsóknir 2015

Einkarekið 2%
Félag 2%
Hátíð 7%
Stofnun 22%
Einstaklingur 67%



STAÐSETNING VERKEFNA ÍSLAND/ERLENDIS



STAÐSETNING VERKEFNA EFTIR LÖNDUM


Umsóknir 2013 – fyrri úthlutun

Sviss 4%
Ítalía 4%
Frakkland 7%
Þýskaland 7%
Ísland 78%




Umsóknir 2013 – seinni úthlutun

Mexíkó 2%
England 2%
Danmörk 2%
Lettland 3%
Færeyjar 3%
Ástralía 3%
Austurríki 3%
Skotland 3%
Frakkland 5%
Ísland 74%




Umsóknir 2014

England 2%
Danmörk 2%
Bandaríkin 2%
Georgía 2%
Norður-Írland 2%
Grikkland 2%
Holland 2%
Finnland 2%
Þýskaland 3%
Noregur 5%
Ísland 76%



Umsóknir 2015


Noregur 2%
Danmörk 2%
Úrúgvæ 2%
Skotland 3%
England 3%
Holland 5%
Bandaríkin 5%
Sviss 10%
Ísland 68%



STADSETNING Á ÍSLANDI EFTIR LANDSHLUTUM


Umsóknir 2013 – fyrri úthlutun

Dalabyggð og Reykhólasveit 4%
 Hafnarfjörður 5%
 Flóahreppur 5%
 Reykjanes 9%
 Reykjavík 77%




Umsóknir 2013 – seinni úthlutun

Hjalteyri 3%
 Dalabyggð og Reykhólasveit 3%
 Svalbarðsströnd 3%
 Reykjanes 3%
 Seyðisfjörður 4%
 Akureyri 4%
 Súgandafjörður 4%
 Dagverðardalur, Skutulsfirði 4%
 Reykjavík 72%




Umsóknir 2014

Hveragerði 3%
 Siglufjörður 3%
 Esjuskógur 3%
 Hjalteyri 3%
 Akureyri 3%
 Hafnarfjörður 3%
 Akureyri/Hveragerði 3%
 Reykjanes 3%
 Akranes 3%
 Reykjavík 73%



Umsóknir 2015

Djúpivogur 3%
 Dýrafjörður/Arnarfjörður 4%
 Patreksfjörður 4%
 Hveragerði 4%
 Hjalteyri 4%
 Seyðisfjörður 7%
 Akureyri 11%
 Kópavogur 11%
 Reykjavík 52%



TEGUND VERKEFNIS


Umsóknir 2013 – fyrri úthlutun

Verk 3%
 Setur 4%
 Útgáfa/Sams./Einkas. 4%
 Rannsókn 7%
 Útgáfa 18%
 Samsýning 32%
 Einkasýning 32%



Umsóknir 2013 – seinni úthlutun

Ýmislegt 2%
 Sumardagskrá 2%
 Útgáfa bókverks 2%
 Gestavinnustofa 5%
 Verk 12%
 Útgáfa 12%
 Samsýning 29%
 Einkasýning 36%



Umsóknir 2014

Listasmiðja 2%
 Vefsíða 2%
 Einkas./Sams. 2%
 Rannsókn 2%
 Sýningaröð 5%
 Útgáfa 25%
 Samsýning 25%
 Einkasýning 37%



Umsóknir 2015

Útgáfa bókverks 2%
 Sams./útgáfa 2%
 Gestavinnustofa 2%
 Einkas./Sams. 5%
 Sýningaröð 5%
 Útgáfa 19%
 Einkasýning 24%
 Samsýning 41%

